

1862. hefir fê þetta verið tilfært á ári hverju í skólareikningunum sem
4. febrúar. ógoldin skuld.

En með því vakið hefir verið máls á því á ný, í athugasemdum þeim, er rannsóknarmenn ríkisreikninganna hafa gjört við skólareikningana árið 1859, að skil verði gjörð fyrir skuld þessari, hefir stjórnarráðið á ný ritað fjárstjórninni um málefni þetta, og hefir fjárstjórnin í svari sínu 13. desemberm. f. á. lýst yfir, að hún yrði að álíta hagfelld, að það yrði tekið til greina við þá íhugun um fjárhags samband Íslands og konungsríkisins, sem nefndinni er boðið að gjöra í konunglegri umboðsskrá 20. septemberm. f. á.

Um leið og stjórnarráðið skýrskotar til ýtarlegrar frásagnar um allt efni málsins, sem er í meðfylgjandi skýrslu, dagsettri 21. febrúarm. 1849, frá þeim manni, er þá var forstöðumaður annarar deildar þessa stjórnarráðs, og til þeirra athugasemda, sem forstöðumaður fyrstu deildar fjárstjórnarinnar hefir gjört þar á móti í skýrslu dagsettri 8. júním. s. á., er einnig fylgir bréfi þessu, skorar stjórnarráðið á nefndina, að yfirvega málefni þetta, og segja síðan um það álit sitt; og fylgja einnig bréfi þessu til ýtarlegri skýringar málsins nokkur önnur skjöl, sem nefndin er beðin að senda aptur, þegar búið er að nota þau, ásamt þeim tveim skýrslum, sem að ofan er getið.

8. febrúar. **5. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ferðastyrk handa náttúrufræðingi.**

Eptir tillögum yðar, herra stiptamtmaður, í bréfi til dómsmálastjórnarinnar, sem hingað hefir verið sent til úrskurðar, dags. 27. septembr. f. á., leggur stjórnarráðið samþykki á, að sá 80 ríkisdala styrkur, sem þér hafið látið borga Hannesi prestaskólakennara Árnasyni úr jarðabókarsjóðnum, til ferðar hans á Íslandi sem náttúrufræðings í sumar er leið, megi ganga af þeim 4000 rd., sem eru til færðir í fjárlögnum í 9. grein G. c.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það Hannesi prestaskólakennara 8. febrúar. 1862.
 Árnasyni og landfógetanum á Íslandi.

**6. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 8. febrúar
 valdanna á Íslandi, um úthlutun á styrktarfé
 prestaekkna¹.**

Eptir að kirkju- og kennslu-stjórnin er búin að skrifast á við amtmanninn yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, útaf uppástungum yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, er þér gjörðud í bréfi 6. maím. f. á., um úthlutun þeirra 400 ríkisdala, sem í fjárlögunum eru veittir til styrks handa fátækustu prestaekkjum á Íslandi, skal yður það nú kunngjört, í sambandi við bréf stjórnarráðsins 3. júlím. f. á., til þess þér hagið yður eptir því og gætið þess framvegis, að allt fè það, sem hér er um rætt, ber að úthluta samkvæmt því, sem þér hafið farið fram á í bréfi því, sem áður er getið, þannig að stiptsyfirvöldin útbýta því, eptir því, sem þau hafa bezt vit á, til fátækustu prestaekkna í öllu landinu, án þess tekið sè til greina, hvar þær eiga heima.

Því skal við bætt, að amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu hefir í dag verið ritað það, sem þörf er á um þetta efni.

- 1) Fyrrum var styrktarfé þetta að eins 300 rd. (smbr. bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi 26. febrúarm. 1861), og fengu prestaekkjur í Hóla stipti hinu forna þriðjung þess, en ekkjur í Skálholts stipti tvo þriðjunga. Í bréfi 3. júlím. 1861 féllst stjórnarráðið á, að þeim 100 rd., sem bætt var við fè þetta í fjárlögunum fyrir árið 1861—62, yrði skipt á sama hátt, en hét úrskurði síðar um það, hvernig öllu fè þessu skyldi framvegis útbýtt.